

**BORGARRÁÐ 19. janúar 2023: Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins um sameiginlegt starf að stafrænni umbreytingu sveitarfélaga og ábendingavef Reykjavíkurborgar - MSS22110210**

Spurt er hver sé staðan á þeirri uppbyggingu tæknilegra innviða, þekkingaruppbyggingu, þróun sameiginlegra lausna og kaupum á lausnum, sem borgarráð samþykkti í janúar 2021 sbr. svar þjónustu og nýsköpunarsviðs í lið 7. í fundargerð stafræns ráðs frá 11. janúar 2023. Hver er staðan á væntanlegum ábendingarvef sem þjónustu og nýsköpunarsvið virðist vera að hefja smíði á? Er borgin í samstarfi við önnur sveitarfélög eða ríkið með slíkan vef?